

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð.

#### 1. gr.

Af hundum og köttum í Vesturbyggð utan lögbýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018.

#### 2. gr.

Við leyfisveitingu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

Fyrsta leyfisveiting fyrir hund	15.939 kr.
Fyrsta leyfisveiting fyrir kött	4.223 kr.
Leyfisveiting fyrir hund eftir útrunninn frest	20.808 kr.
Bráðabirgðaleyfi fyrir hund	5.638 kr.

#### 3. gr.

Af leyfðum hundum og köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	12.915 kr.
Einn köttur	6.037 kr.

#### 4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og árleg hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

#### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðra hunda og katta skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	14.350 kr.
Önnur afhending hunds	28.700 kr.
Þriðja afhending hunds	28.700 kr.
Fyrsta afhending hunds án leyfis	33.518 kr.
Handsömun á ketti	6.037 kr.

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

#### 6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga skv. lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

#### 7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundur björgunarsveita og hjálparhundur fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

#### 8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfs-

Nr. 1284

11. desember 2019

svæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð nr. 1325/2018.

*Vesturbyggð, 11. desember 2019.*

**Rebekka Hilmarsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2020